



Árnesi, 21.3.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202403-0013

3. Framkvæmdanefnd

Fundartími:	8:30 – 10:00
Boðaðir:	Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir
Fundarstjóri:	Haraldur Þór Jónsson
Ritari:	Haraldur Þór Jónsson
Starfsmenn:	Vilborg Ástráðsdóttir

1. Tímalínan framundan

Envalys vinnur úr SVÓT greiningu frá íbúafundi. Fyrstu tillögur koma frá þeim í fyrstu vikunni í apríl og verður farið yfir þær á næsta fundi sem haldinn verður fimmtudaginn 4. apríl.

2. Framkvæmdir í Þjósárskóla

Klára þarf að fá staðfestingu frá starfsfólki Þjósárskóla varðandi innra skipulag og hvort breyta þurfi einhverju fleiru en nú þegar hefur verið ákveðið. Einnig mun liggja fyrir listi yfir þann húsbúnað sem þarf að endurnýja í Þjósárskóla í byrjun apríl, en stefnt er að allt verði staðfest á kennarafundi miðvikudaginn 4. apríl. Stilla þarf upp framkvæmdalista og funda svo með verktökum sem munu sjá um breytingarnar um leið og skólastarfi lýkur í vor. Klára þarf hönnun á því hvernig grafið verður frá kjallara og hvar hurðar og gluggar sem bætast við kjallarann verða staðsett. Tryggja þarf iðnaðarmenn í þá breytingar sem þarf að fara í í vor og sumar.

3. Þarfagreining Verknámshús/Fablab og Íþróttahús

Eftirfarandi verkefni þarf að vinna áfram.

- Vinna þarf áfram að því að ákveða hvar íþróttahús og verknámshús verði staðsett í Árnesi.
- Vilborg og Lilja eru búnar að fara í heimsóknir í verknámshús og skipuleggja þarf fleiri heimsóknir.
- Hefja þarf þarfagreiningu á íþróttahúsi og skipuleggja heimsókn í nokkur íþróttahús til að skoða stærðir og aðbúnað húsa sem eru í rekstri í dag.
- Fá húsastærðir frá ÍSÍ varðandi mismunandi íþróttagreinar.

4. Vinnufundur og skoðunarferð

Áætluð ferð til Reykjavíkur föstudaginn 5. apríl þar sem farið verður í íþróttahús og fablab hús. Einnig verður vinnufundur með Envalys og Rauðukömbum í sömu ferð er snýr að þróun skipulagsins í Árnesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 4. apríl kl. 12:45

*Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.
Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina:*

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson

Gunnar Örn Marteinson

Lilja Loftsdóttir